

og enginn af hans hendi. Aftur á móti mætti þá í yfirdóminum af stefnda hálfu samkvæmt stefnunni yfirrettarmálaflutningsmaður Guðmundur Ólafsson og krafðist kosts og tæringar handa stefnda. Ber að taka þá kröfu til greina samkvæmt N.L. 1—4—34, og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 6 kr. sem ómaksbætur.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn Gísli Hjálmarsson útgerðarmaður í Reykjavík greiði stefnda Einari Guðjónssyni sjómanni í Reykjavík 6 kr. í ómaksbætur, er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. október 1917.

6/1917:

Rjettvísín

gegn

Magnúsi Steingrímssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 16. sept. 1916, var ákærði Magnús Steingrímsson

bóndi á Spákonufelli í Vindhælishreppi, dæmdur samkvæmt 250. gr. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir heimildarlausa töku á 7 kindum til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarslaun 10 kr. til talsmanns síns í hjerði, Ólafs Björnssonar bónda á Árbakka. Þessum dómi er af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Með játningu ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, er það sannað, að hann hafi haustið 1914 kastað eign sinni á 5 kindur, sem hann átti ekki. Nefnt haust kom ákærði úr Tungurétt með fé sitt, og skýrir hann svo frá, að hann hafi rekið féð inn í hús á Óseyri og hafi hann ætlað að taka 5 kindur úr fé sínu til slátrunar á Hólanesi, en þá hafi hann orðið var við ókunnugar kindur í fénu. Afréð hann þá að taka þessar ókunnugu kindur, 2 ær, 1 veturgamla gimbur og 1 lamb til slátrunar í staðinn fyrir að taka af fé sínu. Kindum þessum slátraði hann á Hólanesi, seldi kaupmanni þar á staðnum kjötið, en slátrið seldi hann öðrum manni. Ennfremur slátraði ákærði sama dag gamalli á, sem var saman við fé hans, er hann hélt eftir fjárbragðinu að dæma að væri hans eign, en kveðst þó ekki hafa verið viss um það, með því að hann hafi ekki skoðað markið nákvæmlega. Hausarnir af kindum þessum hafa verið skoðaðir; hafa eigendur fundist að 4 kindanna, en eigandi hefir eigi fundist að fimtu kindinni, og var það fullorðin ær. Ákærði hefir stöðugt neitað því, að hann hafi dregið sér kindur þessar í réttinni, og heldur því fram, að þær hafi ekki kom-

ið saman við fé sitt þar, en telur það líklegra, að þær hafi komið saman við fé sitt á leiðinni, þótt hann hafi ekki orðið þess var. — Þessari skýrslu ákærða um það, hvernig kindurnar hafi komist í vörzlu hans, er ekki hnekt og verður því að leggja hana til grundvallar við dóm í málinu.

Sama haustið markaði ákærði undir sitt mark 2 lömb, er hann átti ekki. Skýrir hann svo frá, að þegar hann kom úr fyrri Tungurétt umrætt haust, hafi fé hans verið rekið í hús á Syðriey, og hafi þá verið farið dálítið að dimma. Nokkru eftir að búið var að reka féð inn, kveðst ákærði hafa tekið eftir 2 lömbum í fé sínu, sem hann átti ekki, og þá litlu síðar, er hann var einn inni hjá fénu, hafi hann breytt mörkunum á lömbunum og hafi þau svo farið með fénu heim til hans. Öðru lambinu slátraði ákærði nokkrum dögum eftir að hann kom heim til sín og hagnýtti sér það, en hitt lambið var saman við fé hans fram eftir haustinu og fanst í því, er rannsókn í málinu var hafin. Ákærði neitar því fastlega, að hann hafi dregið sér þessi lömb í Tungurétt, og kveðst ekkert geta um það sagt, hvenær lömbin hafi komið saman við fé hans, en telur líklegast, að þau hafi komist í féð við túnið á Syðriey áður en það var rekið inn. Ákærði tjáist ekki vita, hverjir hafi átt lömb þessi, og við rannsóknina hefir ekkert orðið upplýst um eigendur þeirra.

Ákærði er fæddur 1881 og hefir eigi áður sætt ákæru eða hegningu. Í prófunum er vikið að því, að ákærði sje ekki með fullri skynsemi eða veill á geði, en þar sem hlutaðeigandi héraðslæknir, er þó

þekkir ákærða nokkuð, hefir eigi orðið var við neina geðbilun á honum og hann stendur fyrir búi sínu og annast önnur störf sín, verður hann að bera fulla ábyrgð á gerðum sínum. Brot hans er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 250. gr. sbr. 249. gr. hegningarlaganna og þykir refsingin hæfilega ákveðin 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo verður hann og að greiða allan sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin varnaraun í héraði eins og þau eru ákveðin í dómnum, og málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Á rannsókn máls þessa og rekstri í héraði hefir orðið allmikill dráttur, og hefir héraðsdómarinn gert ítarlega grein fyrir þeim atvikum, sem hafa valdið þessum drætti. Þessi greinargerð þykir þó ekki með öllu fullnægjandi, og verður að víta hinn langa drátt á málinu, en ekki þykir þó ástæða til að láta héraðsdómarann sæta sekt fyrir hann. Það er og aðfinsluvert, að héraðsdómarinn hefir ekki gefið út stefnu til ákærða, en með því ákærða var tilkynt það við síðasta lögregluréttarhaldið, að sakamál yrði höfðað gegn honum, og honum þá gefinn kostur á að fá sér skipaðan talsmann, er flutti vörn fyrir hann, og var sjálfur viðstaddur dómtöku málsins og vildi una við dóminn, virðist mega við svo búið standa.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Steingrímsson, á að sæta 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan sakarkostnað fyrir báðum réttum, þar með talin málfutningslaun til talsmanns síns í héraði, Ólafs bónda Björnssonar á Árbakka, 10 kr., og málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfir-dóminn, yfirréttarmálfutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 61/1917:

Helgi Jónsson
gegn
Margrétu Árnason.

D ó m u r :

Áfrýjandinn, Helgi Jónsson kaupfélagsstjóri á Stokkseyri, hefir með stefnu dags. 10. ág. þ. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 31. maí þ. á., en með þeim dómi var stefnda, frú Margrét Árnason í Reykjavík, dæmd fyrir meiðyrði um áfrýjanda í 100 kr. sekt til lands-sjóðs eða 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma og átalín meiðyrði dæmd dauð